



PÉSI

ATH!! Næsti Pési kemur út í **mars**. Efni þarf að berast í síðasta lagi **6. apríl 2021**



Frá Bókasafni Hrunamanna



Bókasafnið er áskrifandi af ýmsum tímaritum, Sýrpunni og Rauðu seríunni. Eins eru alltaf einhverjar nýjar og spennandi bækur á safninu til að lesa eða til að flétta og skoða.

Bókasafnið er opið:

Mánudaga Kl. 19-20
Þriðjudaga Kl. 16-18
Miðvikudaga Kl. 16-18
Fimmtudaga Kl. 11-13



Munið að skila safngögnum, skilalúgan er alltaf opin ☺

Lestrastund er gæðastund - Verið hjartanlega velkomin


Bókasafn Hrunamanna

Félagsheimilinu

Sími: 480 6628

Netfang: bokasafn@fludir.is

Heimasíða: <http://bokasafn.fludir.is/>

Bókasafnið er líka á  facebook



leitir.is



Gegnir

Sundlaugin á Flúðum.

Opnunartími:

Mánudaga - miðvikudaga: 16:00-20:30

Fimmtudaga: LOKAÐ

föstudaga: 16:00-20:30

Laugardaga og sunnudaga: 13:00-18:00



Mars 2021
Rítstjóri og
ábyrgðarmaður
Jón G. Valgeirsson
Heimasíða: www.fludir.is

Umsjón. Svanhildur Pétursdóttir -
svanhildur@fludir.is

31 árgangur.
358 tölublað.
pesi@fludir.is.
Sími. 480 6600

Sveitarstjórapistill

Marsmánuður er runninn upp og enn og aftur kemur veðurfarið okkur á óvart. Það er annað hvort vorblíða eða haustveður, eftir því hvernig lítið er á málið, þegar maður lítur út um gluggann og veturinn virðist svolítið hafa farið fram hjá okkur. Þó lengi sé von á vetrarhreti er ljóst að þessi vetur slær einhver met.

Nú eru gatnaframkvæmdir komnar á fullt niður í Grafarlandi og kominn smá svipur á nýtt hverfi. Verið er að leggja lokahönd á endurskoðun gjaldskrár gatngerðargjalda á Flúðum og þegar það er frá verður hægt að auglýsa lóðir lausar til umsóknar. Mikill áhugi hefur verið á þessum lóðum þó ekki hafi verið auglýst formlega og vonandi rís þarna myndarlegt og reisulegt hverfi.

Það er ánægjulegt hvað heimaverktakar hafa komið sterkt inn í útboð hjá Vegagerðinni. Gröfutækni var lægstbjóðandi að hringtorginu á Flúðum og tengdum framkvæmdum og Fögrusteinar buðu lægst í að klára að leggja bundið slitlag á Langholtsveginn. Þá næst það vonandi hjá Vegagerðinni að koma af stað breytingum og lagningu á bundnu slitlagi á Hrunaveg frá Flúðum að Hruna.

Varðandi hugmyndir að nýrri staðsetningu á „Öldu aldanna“ vegna hringtorgsins er það að fréttu að mikil áhugi var á því að benda á mögulegar staðsetningar. Flestir benda annað hvort á svæðið fyrir framan Félagsheimilið eða Lækjargarðinn en líkur eru á því að niðurstaðan verði sú að styttn verði sett upplýst og flott fyrir framan Félagsheimilið. Hins vegar er ljóst að það væri gaman að setja niður fleiri verk eftir Hrunamenn í sveitarfélaginu og myndi Lækjargarðurinn þar mögulega geta komið sterkt inn.

Þegar maður grefur ofan í sögu styttunnar þá kemur ýmislegt forvitnilegt í ljós. Einar Jónsson myndhöggvari var greinilega lengi að spá í þetta og tók sér tíma frá árunum 1894-1905 að finna út úr þessu og trúlega var það í Róm 1902 sem lokamynd fór að koma á verkefnið hjá honum. Síðan hafa verið mismunandi nöfn á styttunni. Fyrst hét hún „Skýstrokkurinn“ og síðan „Alda tímans“ áður en hún fékk nafnið „Alda aldanna“ og var fyrst sýnd í Kaupmannahöfn 1906.

Varðandi Lækjargarðiinn góða þá er það að segja að leiðinlegt er hvað er á köflum slæm umgengni um hann. Vil ég sérstaklega benda foreldrum og forráðamönnum barna að brýna það fyrir þeim að umgengni lýsir innri manni því okkur grunar að ungvíðið okkar mætti sýna þessu fallega útisvæði okkar allra meiri virðingu.

Varðandi umhverfismál og kostnaðartölur þá eru nú að koma fram rekstrartölur fyrir árið 2020. Það er skárri að við séum að borga 10 milljónir með úrgangsmálum á árinu 2020 á móti 25 milljónum á árinu 2019 en samt á að gera ráð fyrir að þessi málaflökkur sé sem næst núllinu. Vonandi leiða frekari aðgerðir og stýring til enn betri niðurstöðu á árinu 2021 en samt skiptir mestu máli að við náum árangri í umhverfismálum í heild sinni og minkum úrgang og sóun.

Nú er allt klárt í að allir húseigendur á Flúðum geti tengst við ljósleiðarann. Þeir sem hafa greitt tengigjald til Hrunaljósa geta haft samband við sitt fjarskiptafélag og beðið um að tengjast ljósleiðaranum. Þeir sem ekki hafa greitt tengigjaldið þurfa að sækja um tengingu til Hrunaljósa áður en þeir geta tengst en við hvetjum alla til að gera það til að geta fengið frábæra nettengingu með öllum þeim gæðum sem því fylgir. Tengigjaldið er enda mjög sanngjarnt eða kr. 39.680 og Hrunaljósi mikilvægt til að koma þessu samfélagslega verkefni á koppinn.

Það hafa verið vandamál með að manna Félagsmiðstöðina Zero þetta árið sem ekki sér alveg fyrir endann á. Það er leiðinlegt að ekki sé hægt að sinna þessari þjónustu við börnin betur, sérstaklega þar sem Kórónuveiran er að láta undan síga og hlutir að komast í eðlilegri farveg. Hrunamannahreppur og Skeiða- og Gnúpverjahreppur ætla síðan að setjast aðeins niður og spá í spilin hvernig best sé að koma málefnum félagsmiðstöðvarinnar sem best fyrir.

Sveitarstjórn hefur skipað fulltrúa sveitarfélagsins í 17. júní nefnd til tveggja ára og var það hún Dagný Lilja Birgisdóttir sem tók það að sér. Maður er alltaf þakklátur fyrir fólk sem vill taka þátt í svona samfélagslegum verkefnum.

Það var gaman að geta tekið þátt í að halda G-daginn hátíðlegan þann 17. febrúar s.l. með því m.a. að hafa ókeypis í sund fyrir alla. Geðheilbrigðismál hafa sem betur fer verið að opnast og ekki lengur sama feimnismálið sem er vel. Hins vegar getur árlegt hjónaball okkar ekki létt okkur geðið nú í byrjun mars en vonandi veldur það okkur ekki langvarandi hugarangri eða andlegum lægðum.

Göngum bjartsýn til verka á móti hækkandi sól.

Jón G. Valgeirsson

Sveitarstjóri

Við Kristbjörg St. Gíslad., Sverrir Tómas Bjarnason og Pálína Agnes opnuðum barnafata verslun á Eyravegi 21 á Selfossi í janúar og heitir hún Krílafló. Í Krílafló er verslunarformið básaleiga. Þetta er mjög vinsælt þar sem það eru svo margir sem eru að hugsa um endur nýtingu og þarna er fólk að leigja bása og selja í þeim gamalt

og nýtt sem tengist börnum á öllum aldri, föt, leikföng, bækur og fleira. Okkur fannst að það þyrfti að vera möguleiki á þessu formi á Suðurlandi þannig að nú er hægt að leigja sér bása á Selfossi og framkvæmdin er frekar auðveld það er bara farið inn á krílafló.is, valið hvort viðkomandi vill leigja eina viku eða fleiri, hvaða dagsetning hentar og þá kemur í ljós á dagatali þar inni hvort þessi vika sé laus og svo framvegis, fólk er leitt áfram skref fyrir skref í leigufurðinu. Þetta er skemmtileg hringrás sem þetta verslunarform býður upp á.. Við höldum úti fb. síðunum Krílafló og Til sölu í Krílafló eins erum við með Instagram ef fólk vill skoða hvað er til hjá okkur. Við erum mjög þakklát fyrir móttökurnar sem við erum búin að fá. Verið velkomin í Krílafló.



Aðalfundur Búnaðarfélags Hrunamanna

Aðalfundur Búnaðarfélags Hrunamanna verður haldinn í félagsheimilinu í Huppusal (gengið inn bókasafnsmegin) **fimmtudaginn 11.mars kl 20:00.**

Almenn aðalfundarstörf auk þess sem kosinn verður nýr gjaldkeri og hafa nokkrir boðið sig fram til kosningar en Þórunn gefur ekki kost á sér áfram.

Við hvetjum fólk til að mæta á fundinn og hafa áhrif á störf félagsins.

Nýir félagar velkomnir.

Stjórn Búnaðarfélags Hrunamanna

Dömu- og herraklipping, litun -og strípur.

Klippi í Félagshemili Hrunamanna.

Vinsamlegast pantið tíma í síma

845-9816 Halyna.



AÐALFUNDUR

Félags eldri Hrunamanna.

Ákveðið hefur verið að halda tvöfaldan aðalfund 16. mars næstkomandi kl. 14 í Félagsheimilinu á Flúðum.

Á dagskrá verða venjuleg aðalfundarstörf. Vegna kóvíð var engin aðalfundur 2020, en þar átti að kjósa ritara, núverandi ritari gefur ekki kost á sér og þarf því að kjósa nýjan ritara núna.

En nú í ár á að kjósa formann og gjaldkera, en núverandi gefa kost á sér áfram, einnig þarf varamann í stjórn.

Vonum að sjá sem flesta og nýir félagar eru velkomnir.

Gætt verður að öllum sóttvörnum.

Kveðja stjórnin.

Bókmenntaklúbbur

Fimmtudaginn 11. Mars 2021 kl. 11 - 12 verður fundur klúbbsins haldinn í kjallara Heimalands.

Þátttakendur segja frá bókum sem þeir hafa nýlega lesið.

Höldum fjarlægð og höfum grímur.

Hlakka til að sjá ykkur

Edda V. Guðmundsdóttir.

Opnunartími á Gámasvæðinu á Flúðum!!

Opnunartíminn verður frá kl. 13:00-18:00, mánudaga, miðvikudaga, föstudaga og laugardaga. Fyrir utan þessa tíma verður gámasvæðið aðgengilegt á fæti og auk þess verður í neyðartilvikum hægt að hafa samband við starfsmenn sveitarfélagsins um aðgengi að svæðinu.

Sími hjá umsjónarmanni gámasvæðis: 835 1355

Atvinna—Sumarvinna.

Hrunamanna-

hreppur óskar eftir starfsfólki í sumarvinnu við sundlaugina á Flúðum.

Viðkomandi þurfa að hafa náð 18 ára aldri og ljúka sundlaugarvarðarprófi og skyndihjálparnámskeiði. Umsóknir berist til Péturs á netfang:

petur@fludir.is fyrir 26 mars nk. Allar nánari upplýsingar hjá Pétri í síma 895 6603 eða á netfang: petur@fludir.is

Sumarvinna.

Sumarstarfsmann vantar í Áhaldahús Hrunamannahrepps og hjá Hitaveitu Flúða. Um er að ræða 100% starf. Viðkomandi þarf að hafa bÍlpróf. Allar nánari upplýsingar hjá Hannibal í síma: 892 2084 eða á netfang: hannibal@fludir.is. Umsóknarfrestur er til 26. mars.

Frá Félagi eldri Hrunamanna.

Vatnsleikfimin byrjar miðvikudaginn 10. mars kl: 15.20 til 16.00.

Hristum nú aðeins upp í tilverunni.

Kveðja stjórnin

Skrifstofa Hrunamannahrepps.

Opnunartími.

*Mánudaga til fimmtudaga: 09:00-12:00
og 13:00-16:00,*

Föstudaga: 09:00-12:00

Sími: 480-6600



Hrunamannahreppur

Uppspretta vellíðunar

NÁTTÚRULEGT GUFUBAÐ HEITIR POTTAR SÁNA

Ópið alla daga vikunnar

www.fontana.is



LAUGARVATN
fontana

Heilsúnd frá landsmri

Flokkunarhornið.

Hægt er að nálgast ókeypis trjákufl á Gámasvæðinu á Flúðum



LANDSTÓLPI 20 ára
—2000—2020—

**Þú færð rekstrarvörur til heimilis og olíuvörur hjá okkur!
.....og allt fyrir dýrin....stór og smá!**

Gunnbjarnarholti, 804 Selfossi
Sími 480 5600 - Ópið virka daga 8-17

Kaupvangj 10, 700 Egilsstöðum
Sími 480 5610 - Ópið virka daga 9-17

Flutningaþjónusta Unnars

Sími: 856 1580 • Netfang: vondull@simnet.is

Lyfja útibú Laugarási

OPNUNARTÍMI

mánud. – fimmtudaga: 10 - 16
föstudaga: 10 - 13



HEILBRIGÐISSTOFNUN
SUÐURLANDS

Heilsugæslustöðin Laugarási.

**Heilsugæslustöðin Laugarási er opin frá 8-15
alla virka daga.**

Tímapantanir og bókun í símaviðtal er í síma 432 2770.

**Blóðprufur eru teknar mánudaga til fimmtudaga. Athugið
að bóka þarf tíma í blóðprufur og beiðni frá lækni þarf
að liggja fyrir .**

Lyfjaendurnýjun er á heilsuvera.is

Hrunaljós-ljósleiðari.

Nú er búið að tengja alla sem sóttu um ljósleiðara hjá Hrunaljósi. Næsta skref er því að panta þjónustu hjá einhverju af fjarskiptafélögunum. Fjarskiptafélögin taka á móti slíkum pöntunum og sjá alfarið um samskipti vegna ljósleiðarans. Til þess að panta þjónustu þarft þú því einungis að velja þér þjónustuveitu og panta hjá henni þá fjarskiptaþjónustu sem hentar þér. Rétt er að benda á að þarfir notenda eru mismunandi. Það getur því verið gott ráð að afla tilboða frá fleiri en einni þjónustuveitu og bera saman verð, gagnahraða og gæði þeirrar þjónustu sem þær bjóða.

Þeir sem ekki eru nú þegar búnir að sækja um ljósleiðarartengingu en hafa áhuga á að tengjast við hann geta sótt um til Hrunaljós. Umsóknareyðublað má finna á [heimsiðunni fludir.is](http://heimsiðunni.fludir.is)

KRANAÞJÓNUSTA

B. R. SVERRISSON EHF.

Sími 864 2499 (Bjarni)
brbjarni@gmail.com



72 tonnmeter krani • 2,3 tonn í 21 meter
2 t spil • Bíll með drifi á framöxli

Daglegar vöruferðir í uppsveitir Árnessýslu - Selfoss - Hveragerði - Reykjavík

Brottför frá Flúðum kl. 8.00 alla virka morgna
og frá Nesfrakt í Reykjavík kl. 12.00.

Öllum vörum keyrt heim til viðtakanda.



Hafðu samband

Héðinsgata 1 - 3, 105 Reykjavík
Sími 533-2211 - www.nesfrakt.is
Beint samband í flutningabíl 773-1626

Nesfrakt



HRUNAPRESTAKALL

Kæru sveitungar.

Hér kemur dagskrá fyrir helgihaldið framundan:

7. mars: *Guðsþjónusta* í Hrunakirkju kl. 11. Fermingarbörn og fjölskyldur þeirra sérstaklega hvött að mæta.

14. mars: *Guðsþjónusta* í Stóra-Núpskirkju kl. 11 og *guðsþjónusta* í Ólafsvallakirkju kl. 13.

Fermingarbörn og fjölskyldur þeirra sérstaklega hvött að mæta.

28. mars - pálmásunnudagur: *Ferming* í Stóra-Núpskirkju kl. 11 og *ferming* í Hrunakirkju kl. 13.

1. apríl – skírdagur: *Ferming* í Stóra-Núpskirkju kl. 11 og *ferming* í Ólafsvallakirkju kl. 13.

2. apríl – föstudagurinn langi:

Passíusálmalestur í Hrepphólakirkju frá kl. 11-15.

4. apríl – páskadagur: *Hátíðarmessur*.

Hrunakirkja kl. 8 – Stóra-Núpskirkja kl. 11.

Ég hlakka til samfunda í kirkjunum okkar.

Fótaaðgerðastofa Öddu Siggu Miðfelli 2a

Opið alla virka daga frá 8-16
Tím pantanir í s: 8676580



NUDD - BOWEN - MASSAGE

Nú er í boði endurnærandi heilnudd og Bowen meðferð í Íþróttamiðstöðinni Reykholti á mánudögum og þriðjudögum. Tímabókanir eru í síma eða í gegnum facebook síðu.

Einnig eru fáanleg gjafabréf í nuddmeðferðir sem eru tilvalin gjöf við öll tækifæri.



Now it´s available to get massage and Bowen treatment in Íþróttamiðstöðin Reykholt (the swimming pool) on Mondays and Tuesdays. To make an appointment please call or book through my facebook page.

- Nils Guðjónsson - Bowen tæknir -

Sími/Tel: 897-6944 - nilsgudjon@gmail.com -
facebook.com/NG ehf



Baggamunur

Bókhalds- og skattapjónusta

Smiðjustígur 6, Flúðum

www.baggamunur.is

s@baggamunur.is

866-9035



Hjörleifur Ólafsson
Raffræðingur Löggiltur rafverktaki

Fossi
Hrunamannahreppi
845 Flúðir

Sími 662 0530
Fax 486 6432
fossi@fossi.is

Íbúar í dreifbýli

Munið að koma með slökkvitæki heimilisins til okkar í slökkvistöðina að Árvegi 1 á Selfossi.

Starfsmaður Slökkvitækjaþjónustu Suðurlands mun taka á móti ykkur og skipta út tækjunum og afhenda rafhlöður í reykskynjara, ykkur að kostnaðarlausu samkvæmt þjónustusamningi við sveitarfélögin.



Nánari upplýsingar á slökkvistöðinni á Selfossi
í síma 4-800-900 eða á slokkvitaeki@babubabu.is



RAFMAGNSVERKSTÆÐI
JENS OG RÓBERTS

TÖKUM AÐ OKKUR:
ALLA ALMENNA
RAFVIRKJAPJÓNUSTU



SJÁUM UM TEIKNINGU
OG HÖNNUN
RAFLAGNA

JENS PÉTUR JÓHANSSON
893-7101
RAFJENS@EYJAR.IS

SMÆRRI JAFNT SEM
STÆRRI VERKEFNI.

RÓBERT EINAR JENSSON
899-9554
ROBBIRAF@SIMNET.IS



Öll almenn smíðavinna,
nýsmíði, viðhald og viðgerðir
Slavík Flúðum sími: 888-1975/865-7499

Bílaverkstæði



Opið frá kl: 08:00-17:00

Grænna land ehf.

Hellulagnir

Áburðargjöf

Beðahreinsun

Garðsláttur

Garðaúðun

Gróðursetning trjáplanta

Ráðgjöf um hönnun garða

Trjáklippingar

Þökulagnir

Trjáplöntusala



Erla Björg Arnardóttir
Garðyrkjufræðingur
Sími: 858-3399
graennaland@simnet.is

80

STAÐIR

UM LAND ALLT



EIMSKIP

Flytjandi



ÞARFTU AÐ LÁTA FLYTJA EITTHVAÐ?

Við sinnum öllum almennum flutningum til og frá Suðurlandi.

Daglegar ferðir um alla Árnessýslu og hvert á land sem er.

Hafðu samband hvort sem um er að ræða tilboð í einstakan flutning eða reglubundna flutningsþjónustu.

EIMSKIP
Flytjandi

Háheiði 8 | 800 Selfoss | 525-7951 | flytjandi.is



KAFFI-SEL RESTAURANT AND PIZZERIA

Opnunartímar:

Fimmtudaga og föstudaga frá kl. 17.00 til 21.00.

Laugardaga frá kl. 12.00 til 21.00

Open Thursdays and Fridays from 17.00 - 21.00.

Saturdays from 12.00 – 21.00

Borðapantanir eru í síma 486-6454 eða 846-9321

For reservations call 486-6454 or 846-9321

Þar sem sætapláss hjá okkur verður takmarkað a.m.k. næstu vikur, þá minnum við á „take away“. Getum afhent matinn út í bíl, sé þess óskað.

As our seating capacity will be limited at least over the next few weeks, we offer take away. We can also deliver the food to your car, if requested.

Verið velkomin! *Everyone welcome!*

<http://kaffisel.is> Facebook: Kaffi-Sel
Tel. 486-6454/846-9321 – info@kaffisel.is

OPNUNARTÍMI LITLU MELABÚÐARINNAR

Föstudaga til Sunnudaga:

12-17

Mánudaga, Miðvikudaga og Fimmtudaga:

12-16:30



www.litlamelabudin.is
www.facebook.com/litlamelabudin
www.instagram.com/litlamelabudin/



Suðurlandsmót grunnskóla í skák fór fram í dag, mánudaginn 1. mars, í Félagsheimili Hrunamanna á Flúðum. Mótið er sveitakeppni fyrir grunnskóla á Suðurlandi. Að þessu sinni var þátttaka í mótinu með allra besta móti en tæplega 100 keppendur tóku þátt fyrir hönd 7 grunnskóla.

Teflt var í tveimur flokkum. Annars vegar í 1.-7. bekk og hins vegar í 8.-10. bekk, voru 4 nemendur í hverri sveit.

Spennan var þónokkur um verðlaunasæti en svo fór að lokum að a-sveit Flúðaskóla sigraði í yngri flokknum en Grunnskólinn á Hellu í þeim eldri. Aðeins munaði einum vinning á 1. og 2. sæti í báðum flokkum. Flúðaskóli náldi sér í brons í báðum flokkum og náði sér þar með í fjögur af þeim sex verðlaunum sem í boði voru.

Yngri flokkur (3. – 7. bekkur)

1. Sæti - Daniel Rúnar Arobo Thoroddsen
2. Sæti - Sigurður Emil Pálsson
3. sæti - Hilmir Öxndal Ingibjörnsson

Eldri flokkur (8. – 10. bekkur)

1. sæti - Þrándur Ingvarsson
2. sæti - Patrik Gústafsson
3. sæti - Sveinn Jökull Sveinsson



Vinningshafar ásamt Jóhönnu skólustjóra og Jóni sveitarstjóra, sem afhenti verðlaunin





Uppsveitadeildin mun hefja göngu sína í lok mars og ljóst er að mikil spenna er fyrir komandi tímabili. Undirbúningur er í fullum gangi og fyrir liggur að áhorfendur verða leyfðir upp að einhverju marki og er það mikið gleðiefni. Einnig mun **ALENDIS tv** sýna beint frá mótaröðinni í vetur sem er mjög spennandi.

7 lið eru skráð til leiks, margir sterkir knapar víðsvegar að og er óhætt að segja að keppnin verður hörð og spennandi bæði í einstaklings og liðakeppninni fram á lokakvöld. Keppniskvöldin verða að þessu sinni þrjú og verður dagskrá eftirfarandi :

26. mars FJÓRGANGUR

16. apríl FIMMGANGUR

30. apríl TÖLT OG SKEIÐ



Fyrirkomulag áhorfenda verður auglýst betur þegar nær dregur og hvetjum við áhugasama til að fylgjast vel með fréttum, tilkynningum og öðrum upplýsingum deildarinnar á facebook og instagram uppsveitadeildarinnar.



ÁRBÆJARHJÁLEIGA II

Karen Konráðsdóttir LÍBSSTJÓRI
Hekla Katharína Kristinsdóttir
Klara Sveinbjörnsdóttir
Sigurbjörg Bára Björnsdóttir
Celina Schneider

TEAM DENNI DESIGN

Ragnhildur Haraldsdóttir LÍBSSTJÓRI
Helgi Þór Guðjónsson
Sara Sigurbjörnsdóttir
Ólöf Rún Guðmundsdóttir
Þórdís Erla Gunnarsdóttir

MEISTARI LOFTUR

Þorsteinn G. Þorsteinsson LÍBSSTJÓRI
Ragnar Rafael Guðjónsson
Guðjón Sigurliði Sigurðsson
Þorgils Kári Sigurðsson
Hákon Dan Ólafsson

JOSERA

Rósa Birna Þorvaldsdóttir LÍBSSTJÓRI
Ragnheiður Hallgrímsdóttir
Þór Jónsteinsson
Egill Már Þórsson
Arnar Máni Sigurjónsson

BREKKUBÚIÐ OG FÉLAGAR

Jón Óskar Jóhannesson
Finnur Jóhannesson
Rósa Kristín Jóhannesdóttir
Halldór Þorbjörnsson
Sandra Jonsson LÍBSSTJÓRI

FELLSKOTSHESTAR

Sólun Morthens LÍBSSTJÓRI
Birgitta Bjarnadóttir
Daníel Ingi Larsen
Þorgeir Ólafsson
Þorvaldur Logi Einarsson

STORM RIDER

Reynir Örn Pálmason
Sigursteinn Sumarliðason
Brynja Amble Gísladóttir
Þórarinn Ragnarsson
Páll Bragi Hólmarsson
Styrmir Þorsteinsson LÍBSSTJÓRI



Árbæjarhjáleiga II



STORM RIDER



Fellskotshestar



MEISTARI LOFTUR



Sorphirða 2021

Hrunamannahreppur

Hrunamannahreppur

janúar						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
3	4	5	6	7	8	9
10	11	12	13	14	15	16
17	18	19	20	21	22	23
24	25	26	27	28	29	30
31						

febrúar						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
	1	2	3	4	5	6
7	8	9	10	11	12	13
14	15	16	17	18	19	20
21	22	23	24	25	26	27
28						

mars						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
	1	2	3	4	5	6
7	8	9	10	11	12	13
14	15	16	17	18	19	20
21	22	23	24	25	26	27
28	29	30	31			

apríl						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
				1	2	3
4	5	6	7	8	9	10
11	12	13	14	15	16	17
18	19	20	21	22	23	24
25	26	27	28	29	30	

maí						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
						1
2	3	4	5	6	7	8
9	10	11	12	13	14	15
16	17	18	19	20	21	22
23	24	25	26	27	28	29
30	31					

júní						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
		1	2	3	4	5
6	7	8	9	10	11	12
13	14	15	16	17	18	19
20	21	22	23	24	25	26
27	28	29	30			

júlí						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
				1	2	3
4	5	6	7	8	9	10
11	12	13	14	15	16	17
18	19	20	21	22	23	24
25	26	27	28	29	30	31






ágúst						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
1	2	3	4	5	6	7
8	9	10	11	12	13	14
15	16	17	18	19	20	21
22	23	24	25	26	27	28
29	30	31				

september						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
			1	2	3	4
5	6	7	8	9	10	11
12	13	14	15	16	17	18
19	20	21	22	23	24	25
26	27	28	29	30		

október						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
					1	2
3	4	5	6	7	8	9
10	11	12	13	14	15	16
17	18	19	20	21	22	23
24	25	26	27	28	29	30
31						

nóvember						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
	1	2	3	4	5	6
7	8	9	10	11	12	13
14	15	16	17	18	19	20
21	22	23	24	25	26	27
28	29	30				

desember						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
			1	2	3	4
5	6	7	8	9	10	11
12	13	14	15	16	17	18
19	20	21	22	23	24	25
26	27	28	29	30	31	

-  Sorp - Efri Hrunamannahreppur
-  Sorp - Neðri Hrunamannahreppur
-  Blátt - Allur Hrunamannahreppur
-  Brúnt - Allur Hrunamannahreppur
-  Rúlluplast - Allur Hrunamannahreppur

s. 577 5757

igf@igf.is



www.gamafelagid.is